



## Beckerplast 7

Vörunr. 8407

### Lýsing

Beckerplast 7 (8407) er vatnsþynnannleg plastþeytumálning ætluð á vegg og loft innanhúss. Oftast er hún notuð við nýmálun eða þegar endurmálaðir eru fletir sem áður hafa verið málaðir með plastþeytumálningum. Beckerplast 7 er svo til lyktaalaus, gefur jafna áferð og er fljóttþornandi.

### Notkun

Beckerplast 7 er ætluð á stofur, herbergi, skrifstofur og fleira. Hún hentar vel á t.d. þússningu, nýjan múr, sandspartlaða fleti, gifs- og spónaplötur og áður málaða fleti.

### Tæknilegar upplýsingar

<b>Litir:</b> NCS-litakerfi	<b>Þynnir:</b> Vatn
<b>Gljástig:</b> 7	<b>Áhaldahreinsir:</b> Vatn
<b>Pakkningar:</b> 3 og 10 lítra	<b>Þurrktími:</b> 1/2 klst
<b>Efnisnotkun:</b> 6- 8 m <sup>2</sup> /l	<b>Yfirmálun:</b> Lágmark: 3 klst
<b>Eðlisþyngd:</b> 1,3 kg/l	Hámark: Ekkert

### Undirmálun

Grunnið með Gifs- og spartlsgrunni (4240).

### Áhöld

Rúlla, pensill eða háþrýstisprauta. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

## **Vinnutilhögun**

### **Nýmálun**

Sandspartlaðir fletir, múrhúð, pússning, spónaplötur, gifsplötur og strigi: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með Gifs- og spartlsgrunni (4240). Að lokum eru málaðar 2 umferðir með **Beckerplast 7**.

### **Endurmálun**

Þrífði með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Ef um er að ræða alkýðmálningu og/eða flöturinn er mjög gljáandi er best að matta lauslega með sandpappír, til að góð viðloðun náist. Einnig er hægt að grunnmála með Gifs- og spartlsgrunni (4240). Því næst eru málaðar 2 umferðir af **Beckerplast 7**.

### **Athugasemdir**

- Málið ekki fleti kaldari en +5°C. Málningin má ekki frjósa.
- Full þvottheldni næst eftir 3-4 vikur.
- Notið Gullspack spartl við spörtlun og ílögn.

### **Varúðarmerkingar**

Við venjulega vinnu með **Beckerplast 7** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.